# Firmnatilkynningar.

164

Samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903, um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð, hafa eftirgreindar tilkynningar verið auglýstar 1921.

*I. Reykjavík.*

1. Hjer með tilkynnist að við undirritaðir erum hættir að reka brauða- og kökugerð undir firmanafninu Theodor & Siggeir.

Theodor Magnússon
bakari.
Siggeir Einarsson
bakari.

2. Hjermeð tilkynnist að hr. O. J. Lauth er genginn úr firmanu Andersen & Lauth, Reykjavík frá 1. janúar 1921 að telja.

Reykjavík 22. janúar 1921.
Andersen & Lauth
L. Andersen
Andersen & Lauth
Lauth.

Ennfremur tilkynnist að herra Harald O. Andersen, Reykjavík er frá sama tíma, orðinn meðeigandi firmans og ritar firmað þannig:

Andersen & Lauth
H. O. Andersen.

3. Jeg Guðmundur Eiríkss heildsali í Reykjavík gef hjermeð herra Júlíusi Ólafssyni umboð sem prókúrista fyrir verslun mína og hefir hann öll rjettindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13, nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:
p. p. G. Eiríkss.
Júlíus Ólafsson.
Reykjavík, 22. febrúar 1921.
G. Eiríkss.

4. Firmað G. Kr. Guðmundsson & Co. hjer í bænum tilkynnir, að samkvæmt samningi dagsettum 26. f. m. sje Guðmundur Kristjánsson skipstjóri genginn úr firmanu, og að Guðmundur Kr. Guðmundsson framvegis reki einn firmað og með fullri ábyrgð.

Reykjavík 26. febr. 1921.
G. Kr. Guðmundsson.
G. Kristjánsson.

164 5. Um leið og jeg hjer með endurkalla prókúru-umboð það, sem hr. Magnús Matthíasson hefir haft fyrir mig og gosdrykkjaverksmiðjuna Mímir, veiti jeg hjer með hr. F. A. Andersen þetta sama umboð og skrifar hann:

pr. pr. Gosdrykkjaverksmiðjan
Mímir
F. A. Andersen.
og
pr. pr. Jón Laxdal
F. A. Andersen.

6. Guðrún E. Hallgríms rekur verslun í Reykjavík, undir firmanafninu „Olíubúðin".

Prókúru-umboð hefir Hallgrímur T. Hallgríms og ritar hann einn firmað þannig:

pr. pr. Olíubúðin
G. E. Hallgríms
H. T. Hallgríms.

7. Hinn 4. janúar 1921 er stofnað hlutafjelagið Bifreiðastöð Reykjavíkur, í þeim tilgangi að leigja bifreiðar til mannflutninga, vöruflutninga og annars, er stendur í sambandi við þá atvinnugrein.

Stjórn fjelagsins skipa: Egill Vilhjálmsson bifreiðarstjóri í Reykjavík, formaður, Jón Guðmundsson bifreiðarstjóri í Reykjavík, gjaldkeri, og Jón Ólafsson bifreiðarstjóri í Reykjavík, meðstjórnandi.

Formaður og gjaldkeri hafa heimild til að rita firmað.

Egill Vilhjálmsson ritar firmað þannig:

H/f Bifreiðarstöð Reykjavíkur
Egill Vilhjálmsson.

Jón Guðmundsson ritar firmað þannig:

H/f Bifreiðarstöð Reykjavíkur
Jón Guðmundsson.

Stærð hlutafjárins er 87 þúsund krónur, sem stjórnin má auka upp í 150 þúsund krónur, og skiftist það í hluti, 1000 krónur hver hlutur. Hlutirnir hljóða á nafn og eru 87 þúsund krónur greiddar að fullu. Birtingar til fjelagsmanna eru ekki settar í opinber blöð.

Reykjavík 14. janúar 1921.
Egill Vilhjálmsson,
Jón Guðmundsson,
Jón Ólafsson.

8. Það tilkynnist hjermeð til firmaskrár Reykjavíkur að á aðalfundi fiskiveiða hlutafjelagsins „Ari fróði" sem haldinn var í Reykjavík 16. þ. m.,

varð sú breyting á stjórn fjelagsins, að úr stjórn fjelagsins gengu þeir: Páll H. Gíslason kaupmaður, Einar G. Einarsson kaupmaður, Björn Ólafss skipstjóri og varameðstjórnandi Jón Jóhannsson skipstjóri, en í stað þeirra voru kosnir: Jörgen I. Hansen formaður, meðstjórnendur Ámundi Árnason og Ólafur V. Ófeigsson kaupmaður og sem varameðstjórnandi Jón Laxdal kaupmaður. 164

Páll H. Gíslason hefir ekki lengur prókúru fyrir fjelagið. Prókúruhafi er nú Jörgen I. Hansen, sem er framkvæmdarstjóri fjelagsins.

Undirskrift hinnar nýju stjórnar er þannig:

Pr. h/f. Ari fróði
Jörgen I. Hansen,
Ámundi Árnason,
Ól. V. Ófeigsson.

Undirskrift prókúruhafa er þannig:

p. p. h/f. Ari fróði
Jörgen I. Hansen.

Reykjavík, 18. mars 1921.
Jörgen I. Hansen,
Ámundi Árnason,
Ól. V. Ófeigsson.

9. Jeg undirritaður Eggert Kristjánsson söðlasmiður í Reykjavík, tilkynni hjermeð til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg rek söðla- og aktýgjasmíði, ásamt verslun, undir firmanafninu „Söðlasmíðabúðin Sleipnir“. Jeg einn ber ábyrgð á skuldbindingum fyrirtækisins, og skrifa firmanafnið þannig:

pr. „Söðlasmíðabúðin Sleipnir“
E. Kristjánsson.

10. Sameignarfjelagið Breiðfjörð & Co. er upphafið og breytist í hlutafjelagið Breiðfjörð & Co. Lög fjelagsins samþykt 23. mars 1921. Tilgangur fjelagsins er að reka fiskiveiðar og flutninga.

Stjórn fjelagsins skipa: Guðm. J. Breiðfjörð, Jón Sigmundsson og Oddur Jónsson. Heimild og prókúrurjett hefir Guðm. J. Breiðfjörð. Höfuðstóll hlutafjársins er, 35000,00 — þrjátíu og fimm þúsund — krónur og hefir stjórnin heimild til að auka það upp í 50000,00 — fimtíu þúsund —

164 krónur. Innborgað hlutafje er 10000,00 — tíu þúsund — krónur. Hlutabrjefin hljóða á handhafa.

Prókúruhafinn ritar firmað þannig:

pr. h/f. Breiðfjörð & Co.
Guðm. J. Breiðfjörð.
Reykjavík, 26. mars 1921.
Guðm. J. Breiðfjörð.
Jón Sigmundsson. Oddur Jónsson.

11. Í dag hefir Árni Einarsson gengið úr firmanu Á. Einarsson & Funk, en G. Funk heldur atvinnunni einn með fullri ábyrgð áfram undir sama firma og óbreytt að öðru leyti.

Reykjavík, 1. apríl 1921.
Árni Einarsson. G. Funk.

12. Í dag hefir hr. G. M. Björnsson fengið prókúru-umboð fyrir firmað Á. Einarsson & Funk, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Á. Einarsson & Funk
G. M. Björnsson.
Reykjavík, 1. apríl 1921.
Á. Einarsson & Funk
G. Funk.

13. Hallgrímur Benediktsson og Hallgrímur A. Tulinius báðir til heimilis í Reykjavík, tilkynna til firmaskrárinnar í Reykjavík, að þeir undir firmanafninu H. Benediktsson & Co. reki heildverslun í Reykjavík. Fjelagið er með ótakmarkaðri ábyrgð beggja fjelagsmanna og þeir rita báðir firmað. Þorlákur Björnsson verslunarmaður í Reykjavík hefir prókúru-umboð fyrir firmað.

Hallgrímur Benediktsson ritar firmað þannig:

H. Benediktsson & Co.

Hallgrímur A. Tulinius ritar firmað þannig:

H. Benediktsson & Co.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. H. Benediktsson & Co.
Þorlákur Björnsson
Reykjavík, 2. apríl 1921.
H. Benediktsson.
H. A. Tulinius.

14. Sigmundur Jóhannsson kaupmaður, Carl Holm og Sigvaldi Indriðason verslunarmenn í Reykjavík, tilkynna að stofnað sje í Reykjavík hlutafjelag

með nafninu „Hlutafjelagið verslunin Hlíf“. Samþyktir fjelagsins eru dagsettar 4. apríl 1921. Fjelagið rekur verslun. Fyrgreindir menn eru í stjórn fjelagsins, er Sigmundur Jóhannsson formaður en Sigvaldi Indriðason varaformaður. Prókúruhafi er Snorri Jóhannsson. Höfuðstóll er 2200 kr. sem skiftast í 50 og 100 kr. hluti, er hljóða á nafn og eru greiddir að fullu. 164

Birtingar til fjelagsmanna þarf ekki að setja í opinber blöð. Heimild til að rita firmað hafa, formaður fjelagsstjórnarinnar og annar stjórnenda.

Sigmundur Jóhannsson og Carl Holm rita firmað þannig:

h/f. Verslunin Hlíf

Sigm. Jóhannsson. Carl Holm.

Sigmundur Jóhannsson og Sigvaldi Indriðason rita firmað þannig:

h/f. Verslunin Hlíf

Sigm. Jóhannsson,

Sigv. Indriðason, frá Hvoli.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. h/f. Verslunin Hlíf

Snorri Jóhannsson.

Reykjavík, 4. apríl 1921.

Sigm. Jóhannsson. Carl Holm.

Sigv. Indriðason, frá Hvoli.

15. Prókúru-umboð það, sem við á sínum tíma gáfum hr. Þórarni Birni Stefánssyni, afturkallast hjermeð.

Reykjavík, 23. apríl 1921.

O. Friðgeirsson & Skúlason.

O. Friðgeirsson.

16. Jeg gef hjermeð herra kaupmanni Carl Proppé, Reykjavík, fult umboð til þess, í fjarveru og forföllum hr. kaupmanns og alþingismanns, Ólafs J. Proppé, að hafa umsjón með vátryggingarstarfsemi minni á Íslandi, og undirskrifa fyrir mína hönd öll skjöl þar að lútandi. Skal umboð þetta, í forföllum hr. Ólafs J. Proppé, vera jafn víðtækt og umboð það, sem jeg hefi veitt honum

Pegli (Ítalíu) þ. 1. desember 1920.

G. Egilsson.

Prókúru-hafi ritar þannig:

pr. pr. G. Egilsson.

C. Proppé.

17. Við undirritaðir tilkynnum hjermeð að Helgi Jónsson verslunarm. er geng-

164 inn úr firmanu Marteinn Einarsson & Co, Reykjavík, og að Marteinn Einarsson rekur einn firmað framvegis með fullri ábyrgð.

Reykjavík, 1. apríl 1921.
Marteinn Einarsson.
Helgi Jónsson.

18. H. f. Kol & Salt tilkynnir, að á aðalfundi þess þ. 30. apríl þ. á. var endurkosinn í stjórn þess herra konsúll C. Zimsen og er hann formaður stjórnarinnar. Meðstjórnendur hans eru þeir herrar Hjalti Jónsson skipstjóri og Jón Ólafsson framkvæmdastjóri, og til vara Halldór Þorsteinsson skipstjóri.

Reykjavík, 6. maí 1921.
Í stjórn H. f. Kol & Salt.
C. Zimsen. Hjalti Jónsson.
Jón Ólafsson.

19. H. f. Kol & Salt veitir hjermeð herra Theodor Jakobssyni prókúru-umboð fyrir fjelagið.

Prókúruhafi ritar fjelagið þannig:

pr. pro. H. f. Kol & Salt
Theodor Jakobsson.

Jafnframt afturkallast prókúru-umboð það, er herra konsúll C. Zimsen hafði áður fyrir fjelagið.

Reykjavík, 6. maí 1921.
Í stjórn H. f. Kol & Salt.
C. Zimsen. Hjalti Jónsson.
Jón Ólafsson.

20. H. f. Sjóvátryggingarfjelag Íslands Reykjavík, tilkynnir að hr. cand. polit. Georg Ólafsson Reykjavík hafi prókúru fyrir fjelagið með öllum rjettindum prókúruhafa frá 1. desember 1920 og undirskrifar þannig:

p. p. H. f. Sjóvátryggingarfjelag
Íslands.
Georg Ólafsson.

Reykjavík 18. mars 1921.
H. f. Sjóvátryggingarfjelag Íslands.
L. Kaaber. Jes Zimsen.

21. Frá 1. þ. m. er frk. Rósa Jónsdóttir gengin úr firmanu verslunin „Alfa“ og rekum við undirritaðar frú Guðný Vilhjálmsdóttir og frú Vilborg V.

Bjarnar því verslunina áfram með ótakmarkaðri ábyrgð og svörum til allra skuldbindinga firmans. Firmað ritum við hver í sínu lagi. 164

Reykjavík, 10. maí 1921.
Guðný Vilhjálmsdóttir,
Vilborg Bjarnar,
Rósa Jónsdóttir.

Frú Guðný Vilhjálmsdóttir ritar firmað þannig:

Verslunin „Alfa"
Guðný Vilhjálmsdóttir.

Frú Vilborg V. Bjarnar ritar firmað þannig:

Verslunin „Alfa"
Vilborg Bjarnar.

22. Iðnfyrirtæki undir nafninu hlutafjelagið „Seros", Reykjavík, var stofnsett 25. okt. 1919 og lög þess voru samþykt á fundi fjelagsins 3. des. sama ár. Á þeim fundi var kosin stjórn fyrir fjelagið og hlutu þessir kosningu: Formaður Sigurjón Pjetursson og meðstjórnendur Emil Rokstad og Ólafur Gíslason allir í Reykjavík. Prókúruhafi er formaður. Starfsemi fjelagsins er tilbúningur á allskonar sápum, svertum, málningu, lakkvörum o. fl. slíkum efnum og vörutegundum.

Heimild til að rita firmað hafa formaður og annarhvor meðstjórnenda. Hlutafjeð er kr. 30000 er skiftist í eitt þúsund króna hluti og er það að fullu innborgað. Stjórnin hefir heimild til að auka hlutafjeð upp í kr. 50000, en til frekari hlutafjáraukningar þarf samþykki fjelagsfundar. Hlutirnir hljóða á nafn hluthafa.

Til aðalfundar skal boða með hálfsmánaðar fyrirvara í ábyrgðarbrjefi.

Stjórn fjelagsins ritar firmað þannig:

pr. h/f. „Seros"
Sigurjón Pjetursson
Ól. Gíslason.
eða pr. h/f. „Seros"
Sigurjón Pjetursson
E. Rokstad.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. h/f. „Seros"
Sigurjón Pjetursson.

Reykjavík, 24. maí 1921.
Sigurjón Pjetursson, Ól. Gíslason,
E. Rokstad.

23. Undir firma h/f. Fiskiveiðafjelagið „Njáll" eru reknar fiskiveiðar frá Reykjavík af hlutafjelagi með lögum, dags. 6. maí 1921.

164 Í stjórn fjelagsins eru 3 menn og eru þeir: Guðmundur Ólafs formaður og Sigurður Hjaltested og Tómas Tómasson meðstjórnendur, og auk þess eru varamenn í stjórninni, Þorleifur Andrjesson og Friðrik Kr. Magnússon. Formaður og einhver annar úr stjórninni ritar firmað. Hlutafjeð er 90000 kr. skift í 18 hluti á 5000 kr. Hlutabrjef hljóða á nafn. Hlutafjeð er alt greitt. Tilkynningar birtar í ábyrgðarbrjefi eða símskeyti.

Formaður og Sigurður Hjaltested rita þannig:

Fiskiveiðafjelagið „Njáll"

Guðm. Ólafs. Sigurður Hjaltested,

Formaður og Tómas Tómasson rita þannig:

Fiskiveiðafjelagið „Njáll"

Guðm. Ólafs. Tómas Tómasson.

Reykjavík, 23. maí 1921.

Guðm. Ólafs. Sigurður Hjaltested,

Tómas Tómasson.

24. Á aðalfundi h/f. Trolle & Rothe í Reykjavík þ. 18. þ. m. voru þessir kosnir í stjórn fjelagsins: Formaður capt. R. Rothe, og meðstjórnendur þeir framkv.stj. August Flygenring, framkv. stj. Hjalti Jónsson, framkv.stj. M. Eskildsen, konsúll P. A. Ólafsson, og framkv.stj. Carl Finsen. Þetta tilkynnist hjermeð til firmaskrár Reykjavíkur.

Reykjavík, 23. maí 1921.

Trolle & Rothe h/f.

Rud. Rothe. Carl Finsen.

25. Jeg Guðríður A. Bramm, verslunareigandi í Reykjavík, gef hjermeð fröken Steinunni Jónsdóttur umboð sem prókúrista fyrir verslun mína og hefir hún öll rjettindi prókúrista samkvæmt lögum.

Firmað ritar hún þannig:

Fatabúðin.

pr. pr. Guðríður A. Bramm

St. Jónsdóttir.

Reykjavík, 1. júní 1921.

Fatabúðin.

Guðríður A. Bramm.

26. Vjer leyfum oss hjer með að tilkynna til firmaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi fiskiveiðahlutafjelagsins Kári, 22. mars þ. á., voru kosnir í stjórn fjelagsins: formaður Richard Torfason bankabókari og meðstjórnendur Magnús Gíslason cand. jur., Ólafur Ólafsson præp. hon. frá Hjarðarholti, Rögnvaldur Snorrason kaupmaður á Akureyri og Magnús Bl. Jónsson prestur í Vallanesi. Varastjórnarmaður var kosinn Páll Ólafsson kaupmað-

ur frá Hjarðarholti. Framkvæmdarstjóri var kosinn síðastnefndur Páll Ólafsson. 164

Reykjavík í apríl 1921.
Fiskiveiðahlutafjelagið „Kári".
Rich. Torfason, Magnús Gíslason,
Ólafur Ólafsson.

27. Hjermeð tilkynnist til Firmaskrárinnar, að prókúruumboð það, er jeg á sínum tíma gaf verslunarmanni Jóni Á. Egilsson, er afturkallað frá og með þessum degi.

Reykjavík, 23. júní 1921.
A. Guðmundsson.

28. Það tilkynnist hjermeð til firmaskrárinnar fyrir Reykjavík, að á aðalfundi h. f. Eimskipafjelags Íslands, er haldinn var 25. þ. m. gengu eftirtaldir menn úr stjórn fjelagsins:

Sveinn Björnsson, sendiherra, Köbenhavn,
Pjetur A. Ólafsson, konsúll, Reykjavík,
Halldór Kr. Þorsteinsson, skipstjóri, Reykjavík,
Árni Eggertsson, fasteignasali, Winnipeg,

og voru þeir allir endurkosnir að undanskildum Sveini Björnssyni, sendiherra, en í hans stað var kosinn Hallgrímur Benediktsson, stórkaupmaður. Stjórnin er því nú skipuð þannig:

Kosnir af hluthöfum:
Pjetur A. Ólafsson, konsúll, Reykjavík,
Eggert Claessen, bankastjóri, Reykjavík,
Jón Þorláksson, verkfræðingur, Reykjavík,
Garðar Gíslason, stórkaupmaður, Reykjavík,
Hallgrímur Benediktsson, stórkaupmaður, Reykjavík,
Halldór Kr. Þorsteinsson, skipstjóri, Reykjavík.
Fulltrúar Vestur-Íslendinga:
Árni Eggertsson, fasteignasali, Winnipeg.
Jón J. Bíldfell, ritstjóri, Winnipeg.
Skipaður af ríkisstjórninni:
Hallgrímur Kristinsson, framkvæmdarstjóri, Reykjavík.

Reykjavík, 30. júní 1921.
H. F. Eimskipafjelag Íslands.
Emil Nielsen.

29. Vjer leyfum oss hjermeð að tilkynna til firmaskrárinnar að á aðalfundi Kaupfjelags Reykjavíkinga 5. mars þ. á. gekk úr stjórn fjelagsins herra bæjarfulltrúi Kristján V. Guðmundsson, en í hans stað var kosinn herra

164 kennari Jón Jónsson frá Flatey til heimilis í Finnbogahúsi við Laugaveg hjer í bænum. Varamaður í stjórn fjelagsins í stað herra Ögmundar Hanssonar á Hólabrekku, var kosinn herra stud. jur. Sigurður Jónasson til heimilis á Vatnsstíg 16 hjer í bænum.

Reykjavík, 12. júlí 1921.
Í stjórn Kaupfjelags Reykjavíkinga.
H. Helgason, Bjarni Pjetursson,
Kjartan Ólafsson, Helgi Björnsson,
Jón Jónsson frá Flatey,
Sigurður Jónasson.

30. Við leyfum okkur hjermeð að tilkynna til firmaskrárinnar að Björn Guðmundsson er genginn úr firmanu „Verslun Helga Zoëga" og rjettur hans til að reka firmað jafnframt burtu fallinn. Geir H. Zoëga, sem er einkaeigandi, ritar firmað eins og áður.

Reykjavík, 14. júlí 1921.
Björn Guðmundsson,
Geir H. Zoëga.

31. Það tilkynnist hjermeð til firmaskrár Reykjavíkur að vjer höfum frá í dag gefið herra Eiríki Stephensen, Reykjavík, prókúru-umboð fyrir firmað h/f. Trolle & Rothe í Reykjavík, og hefir hann öll rjettindi prókúrista samkvæmt gildandi lögum.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:
p. p. h/f. Trolle & Rothe
Eiríkur Stephensen.

Reykjavík, 30. júlí 1921.
Rud. Rothe, Carl Finsen.

32. Við undirritaðir, Guðsteinn Eyjólfsson, klæðskeri, Tómas Jónsson og Sigurjón Jónsson, allir til heimilis í Reykjavík, tilkynnum hjermeð að við rekum í fjelagi með ótakmarkaðri ábyrgð efnafræðilega hreinsun og litun (Kemisk Töjrensning og Farveri) á allskonar fatnaði, dúkum o. fl. úr ull, hálf-ull, bómull og silki o. s. frv., undir firmanafninu:

S/F. Efnalaug Reykjavíkur.

Firmað ritar Sigurjón Jónsson einn þannig:
S/F. Efnalaug Reykjavíkur.
Sj. Jónsson.

Reykjavík, 16. ágúst 1921.
Guðsteinn Eyjólfsson,
Tómas Jónsson,
Sigurjón Jónsson.

33. Undir nafninu h/f. Belgaum, er rekið fiskiveiðahlutafjelag í Reykjavík, sem hefir þar heimili og varnarþing. Lög fjelagsins eru dagsett 28. maí 1921. Stjórn fjelagsins skipa: Jes Zimsen kaupmaður Reykjavík, formaður og Hjalti Jónsson skipstjóri Reykjavík, meðstjórnandi. Heimild til að rita firmað hefir stjórnin. Prókúru hefir Jes Zimsen. Hlutafje fjelagsins er kr. 300,000,00 og skiftist í 4 hluti, sem hver er að upphæð kr. 72000,00 og 12 hluti sem hver er að upphæð 1000,00. Hlutirnir hljóða á nafn og eru að fullu innborgaðir. Birtingar til fjelagsmanna skulu gerðar í ábyrgðarbrjefi eða með símskeyti. 164

Reykjavík, 28. maí 1921.
Stjórn h/f Belgaum
Jes Zimsen. Hjalti Jónsson.
Stjórn fjelagsins ritar firmanafnið þannig:
h/f. Belgaum
Jes Zimsen. Hjalti Jónsson.
Prókúruhafi ritar firmanafnið þannig:
p. p. h/f. Belgaum
Jes Zimsen.

34. Undir firmanafninu h/f. Jón Sigmundsson & Co., er rekin gullsmíðaverslun og gullsmíðavinnustofu, sem hefir heimilisfang í Reykjavík. Lög fjelagsins eru dagsett 11. júní 1921.

Stjórn fjelagsins skipa:

Formaður Guðmundur J. Breiðfjörð kaupmaður í Reykjavík.

Meðstjórnendur: Eiríkur Þorsteinsson, kaupmaður í Gerðum í Gullbringusýslu. Jón Sigmundsson gullsmiður í Reykjavík.

Heimild til að rita firmað hafa formaður og annar meðstjórnandi. Prókúru hefir Jón Sigmundsson gullsmiður, sem jafnframt er framkvæmdarstjóri fjelagsins.

Hlutafjeð er 30000,00 krónur er skiftist í 30 hluti, sem hver er að upphæð 1000 krónur.

Hlutafjeð er að fullu greitt.

Birtingar til fjelagsmanna eru gerðar í ábyrgðarbrjefi eða með símskeyti.

Reykjavík, 6. september 1921
H/f. Jón Sigmundsson & Co.
Guðm. J. Breiðfjörð.
Eir. Þorsteinsson.
Jón Sigmundsson.

164 Guðmundur J. Breiðfjörð og Jón Sigmundsson rita firmað þannig:

H/f. Jón Sigmundsson & Co.
Guðm. J. Breiðfjörð.
Jón Sigmundsson.

Guðmundur J. Breiðfjörð og Eiríkur Þorsteinsson rita firmað þannig:

H/f. Jón Sigmundsson & Co.
Guðm. J. Breiðfjörð.
Eir. Þorsteinsson.

Prókúruhafi, Jón Sigmundsson ritar firmað þannig:

pr. pr. H/f. Jón Sigmundsson & Co.
Jón Sigmundsson.

35. Hlutafjelagið Þorsteinn Einarsson & Co. Reykjavík er stofnað 1. október 1921 og eru fjelagssamþyktir frá þeim tíma.

Tilgangur fjelagsins er kolaverslun.

Stjórn firmans skipa:

Þorsteinn Einarsson, Baldursgötu 31, framkvæmdarstjóri.
Hjálmar Bjarnason, Suðurgötu 5, meðstjórnandi.

Heimild til að rita firmað hefir stjórnin.

Prókúruumboð hefir framkvæmdarstjóri.

Höfuðstóll hlutafjár er kr. 3000,00 er er skiftist í 1000 króna hluti sem hljóða á nafn og eru að fullu innborgaðir.

Til fjelagsfundar skal boða með ábyrgðarbrjefi.

H/f. Þorsteinn Einarsson & Co.
Þ. Einarsson, Hjálmar Bjarnason.

Framkvæmdarstjóri ritar firmað:

pr. pr. H/f. Þorsteinn Einarsson & Co.
Þ. Einarsson.

Reykjavík, 17. október 1921.
Þ. Einarsson, Hjálmar Bjarnason.

36. Magnús Þorsteinsson, Vesturgötu 20 og Brynjólfur Árnason Hverfisgötu 18, Reykjavík, reka verslun í Reykjavík, undir firmanafninu Magnús Þorsteinsson & Co., báðir sem fullábyrgir fjelagar, með ótakmarkaðri ábyrgð. Hvor um sig ritar firmað.

Brynjólfur Árnason ritar firmað þannig:

Magnús Þorsteinsson & Co.

Magnús Þorsteinsson ritar firmað þannig:

Magnús Þorsteinsson & Co.

Reykjavík, 27. október 1921.
Brynjólfur Árnason.
Magnús Þorsteinsson.

37. Undir firmanafninu H/f. Ísólfur er rekin umboðssala og verslun með innlendar og útlendar afurðir. Lög fjelagsins eru samþykt á stofnfundi 12. okt. 1921. Heimili fjelagsins og varnarþing er í Reykjavík. Stjórn fjelagsins skipa 3 menn: Guðm. Albertsson formaður og Þorsteinn Jónsson og Sigm. Jóhannsson meðstjórnendur. Framkvæmdarstjóri er Þorsteinn Jónsson, og hefir hann prókúruumboð fyrir fjelagið. Hlutafjeð er kr. 15,000,00, sem skiftist í 1000,00 kr. hluti og er að fullu innborgað. Hlutabrjef hljóða á nafn. Tilkynningar til hluthafa skulu sendar í ábyrgðarbrjefi. Heimild til að rita firmað hafa einhverjir tveir úr stjórninni. 164

Stjórn fjelagsins ritar firmað þannig:

H/f. Ísólfur.
G. Albertsson, Sigm. Jóhannsson,
eða: H/f. Ísólfur.
G. Albertsson, Þorst. Jónsson,
eða: H/f. Ísólfur.
Þorst. Jónsson, Sigm. Jóhannsson.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. H/f. Ísólfur.
Þorst. Jónsson.

Reykjavík, 26. okt. 1921.
G. Albertsson. Þorst. Jónsson.
Sigm. Jóhannsson.

38. Undirrituð stjórn „Fiskiveiðahlutafjelagsins Bragi“ tilkynnir hjermeð, að fjelagið er hætt að starfa.

Reykjavík, 14. nóv. 1921.
Sighvatur Bjarnason,
Th. Thorsteinsson,
Siggeir Torfason.

39. H/f. Hrogn & Lýsi tilkynnir að það reki lýsisbræðslu og verslun með sjávarafurðir. Varnarþing og aðalskrifstofa fjelagsins er í Reykjavík. Stjórn fjelagsins skipa: Pjetur Magnússon, hæstarjettarmálaflutningsm., formaður, Björn Ólafsson kaupmaður og Þórður Sveinsson kaupmaður, meðstjórnendur. Einhverjir tveir stjórnendur geta skuldbundið fjelagið og eignir þess. Prókúruumboð hefir Björn Ólafsson. Hlutafjeð er kr. 30000 og skiftist í 30 jafna hluti. Hlutabrjefin eru nafnskráð. Tilkynningar til fjelagsmanna eru ekki birtar í blöðum. Varamaður í stjórn fjelagsins er Þ. J. Thoroddsen læknir. Lög fjelagsins eru samþykt 4. desbr. 1921.

164 Pjetur Magnússon og Þórður Sveinsson rita firmað þannig:

H/f. Hrogn & Lýsi.
Pjetur Magnússon,
Þórður Sveinsson.

Pjetur Magnússon og Björn Ólafsson rita firmað þannig:

H/f. Hrogn & Lýsi.
Pjetur Magnússon,
Björn Ólafsson.

Björn Ólafsson og Þórður Sveinsson rita firmað þannig:

H/f. Hrogn & Lýsi.
Björn Ólafsson.
Þórður Sveinsson.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. H/f. Hrogn & Lýsi.
Björn Ólafsson.

Reykjavík, 6. desember 1921.
Pjetur Magnússon. Björn Ólafsson.
Þórður Sveinsson.

40. Kristján Jónsson, Skólavörðustíg 46, tilkynnir, að hann reki verslun í Reykjavík með fullri ábyrgð undir firmanafninu „Þjótandi“.

Reykjavík, 2. desbr. 1921.
Kristján Jónsson.

41. Bræðurnir Einar og Guðmundur M. Björnssynir, báðir til heimilis á Vesturgötu 23 B, Reykjavík, tilkynna að þeir reki verslun í Reykjavík, sem fullábyrgir fjelagar, undir firma:

SPORTVÖRUHÚS REYKJAVÍKUR
Einar Björnsson & Co.

Undirskrift, er snertir daglegan rekstur firmans, rita hvor um sig. Við allar stærri skuldbindingar eða veðsetningar á eignum firmans rita báðir firmað.

Einar Björnsson ritar firmað þannig:

SPORTVÖRUHÚS REYKJAVÍKUR
Einar Björnsson & Co.
E. Björnsson.

Guðmundur M. Björnsson ritar firmað þannig:

SPORTVÖRUHÚS REYKJAVÍKUR
Einar Björnsson & Co.
G. M. Björnsson.

Einar og Guðmundur M. Björnsson rita firmað þannig: 164

SPORTVÖRUHÚS REYKJAVÍKUR
Einar Björnsson & Co.
E. Björnsson. G. M. Björnsson.
Reykjavík 5. desbr. 1921.
E. Björnsson. G. M. Björnsson.

42. Jón Magnússon á Stokkseyri og Maríus Ólafsson, Reykjavík reka verslun í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu:

Jón Magnússon & Maríus.

Hafa þeir hvor um sig rjett til að rita firmað.

Jón Magnússon ritar firmað þannig:

Jón Magnússon & Maríus.
Jón Magnússon.

Maríus Ólafsson ritar firmað þannig:

Jón Magnússon & Maríus.
Maríus Ólafsson.
Reykjavík, 8. desbr. 1921.
Jón Magnússon. Maríus Ólafsson.

43. Guðrún E. Hallgríms, tilkynnir til firmaskrár Reykjavíkur, að hún reki ekki lengur verslun í Reykjavík undir firmanafninu „Olíubúðin" og um leið er afturkallað prókúruumboð það er Hallgr. T. Hallgríms hafði fyrir þetta firma.

Reykjavík, 8. desbr. 1921.
Guðrún E. Hallgríms.

44. Guðrún E. Hallgríms tilkynnir, að hún rekur verslun í Reykjavík undir firmanafninu verslunin „Hornbjarg". Prókúruumboð fyrir firmað hefir Hallgrímur T. Hallgrímsson og ritar hann einn firmað þannig:

pr. pr. versl. „Hornbjarg".
H. T. Hallgríms.
Reykjavík, 8. desbr. 1921.
Guðrún E. Hallgríms.

*II. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.*

Stjórn kaupfjelags Akraness tilkynnir, að prókúruumboð Arnmundar Gíslasonar sje afturkallað frá 1. febr. 1921 að telja.

164 *III. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.*

1. Firmað „Kaupfjelag Ólafsvíkur" rekur verslun í Ólafsvík. Lög þess eru dagsett 19. febr. 1921. Heimili fjelagsins er í Ólafsvík. Fjelaginu stjórna 5 manna nefnd. Í stjórn fjelagsins eru: Kristján Þórðarson, Guðm. Guðjónsson, Guðbrandur Guðmundsson, Þórður Kristjánsson og Stefán Kristjánsson, allir í Ólafsvík. Fjelagsmenn greiða 10 kr. í varasjóð og 100 kr. í stofnsjóð, er þeir ganga í fjelagið, og ábyrgjast skuldir fjelagsins, þarmeð talin aukainnlög í stofnsjóð, allir fyrir einn og einn fyrir alla, þó svo að hver fjelagsmaður losnar við skuldbindingar sínar 2 árum eftir að han er kominn úr fjelaginu. Undirskrift meiri hluta stjórnarinnar er skuldbindandi fyrir fjelagið. Prókúru fyrir fjelagið hefir síra Guðmundur Einarsson í Ólafsvík þetta ár, og ritar hann firmað þannig:

pr. Kaupfjelag Ólafsvíkur
Guðm. Einarsson.
Ólafsvík, 8. apríl 1921.
Kristján Þórðarson.
Guðm. Guðjónsson.
Guðbr. Guðmundsson.
Þórður Kristjánsson.
Stefán Kristjánsson.

2. Firmað „Kaupfjelag Fróðárhrepps" pantar vörur fyrir fjelagsmenn. Lög þess eru dagsett 13. febr. 1921. Fjelaginu stjórna 3 mannanefnd. Í stjórn fjelagsins eru: Bergsveinn Haraldsson, Ólafur Bjarnason og Sigþór Pjetursson. Fjelagsmenn greiða 10 kr. í varasjóð og 50 kr. í stofnsjóð, er þeir ganga í fjelagið og ábyrgjast skuldir fjelagsins, þarmeð talin aukainnlög í stofnsjóð, allir fyrir einn og einn fyrir alla, þó svo, að hver fjelagsmaður losnar við skuldbindingar sínar 2 árum eftir að hann er kominn úr fjelaginu. Undirskrift meiri hluta stjórnarinnar er skuldbindandi fyrir fjelagið. Prókúru fyrir fjelagið hefir síra Guðmundur Einarsson í Ólafsvík þetta ár, og ritar hann firmað þannig:

pr. Kaupfjelag Fróðárhrepps.
Guðm. Einarsson.
Brimilsvöllum, 10. apríl 1921.
Bergsveinn Haraldsson.
Ó. Bjarnason.
Sigþór Pjetursson.

3. Firmað „Kaupfjelag Hellissands" rekur verslun á Hellissandi. Lög þess eru dagsett 27. febr. 1921. Heimili fjelagsins er á Hellissandi. Fjelaginu stjórnar 5 manna nefnd. Í stjórn fjelagsins eru: Pjetur Kr. Pjetursson, Guðm. Guðmundsson, Brandur Bjarnason, Vigfús Jónsson og Guðm. Þorvarðarson, allir í Neshreppi utan Ennis. Fjelagsmenn greiða 10 kr. í varasjóð og 100 kr. í

stofnsjóð, er þeir ganga í fjelagið, og ábyrgjast skuldir fjelagsins, þarmeð talin aukainnlög í stofnsjóð, allir fyrir einn og einn fyrir alla, þó svo að hver fjelagsmaður losnar við skuldbindingar sínar 2 árum eftir að hann er kominn úr fjelaginu. Undirskrift meiri hluta stjórnarinnar er skuldbindandi fyrir fjelagið. Prókúru fyrir fjelagið hefir síra Guðmundur Einarsson í Ólafsvík þetta ár, og ritar hann firmað þannig: 164

pr. Kaupfjelag Hellissands.
Guðm. Einarsson.

Hellissandi, 17. apríl 1921.

Pjetur Kr. Pjetursson.
Guðm. Guðmundsson.
Brandur Bjarnason.
Vigfús Jónsson.
Guðmundur Þorvarðarson.

4. Hlutafjelagið „Auðunn" tilkynnir, að það reki fiskiveiðar við Breiðafjörð og víðar. Heimili fjelagsins er í Stykkishólmi. Lög þess eru samþykt 10. mars þ. á. Stofnfje fjelagsins er 24000 kr., skiftist í 500 kr. hluti og er að fullu innborgað. Hlutabrjefin hljóða á nafn. Til fjelagsfunda skal boða skriflega. Stjórn fjelagsins skipa: Jón Guðmundsson veitingamaður sem formaður, og þeir Hannes Jónsson dýralæknir og Jóhann Garde Jóhannsson sem meðstjórnendur, allir í Stykkishólmi. Formaður fjelagsins, Jón Guðmundsson, ritar firmað sem prókúruhafi þannig:

p. p. H/f. „Auðunn"
Jón Guðmundsson.

*IV. Barðastrandasýsla.*

1. Pöntunarfjel. Rauðasandshrepps rekur verslun og útgerð á Patreksfirði undir sama nafni. Samþyktir fjelagsins dagsettar 8. maí 1920. Allir fjelagsmenn ábyrgjast skuldir fjelagsins, in solidum, uns eitt ár er liðið frá brottför þeirra úr fjelaginu.

Í stjórn eru:

Síra Þorvaldur Jakobsson formaður.
Guðmundur Þórðarson.
Ólafur E. Thoroddsen.

Prúkúru hefir:

Ólafur Ó. Thorlacius, Saurbæ.

2. Kaupfjelag Flateyjar rekur verslun í Flatey á Breiðafirði undir sama nafni. Samþyktir fjelagsins eru dagsettar 18. nóv. 1920. Hver fjelagsmaður greiðir

164 minst 250 krónur er hann gengur í fjelagið, og ábyrgjast þeir allir skuldir þess in solidum, uns eitt ár er liðið frá brottför þeirra úr fjelaginu.

Í stjórn eru:

Hafliði Þ. Snæbjörnsson.
Jón S. Sigurðsson.
Gísli Gíslason.
Þórður Jónsson.
Sigmundur Guðmundsson.

Prókúru hefir:

Sigfús H. Bergmann.

3. Hjermeð tilkynnist að hr. Jóh. I. Jónsson er genginn úr firmanu Baldur frá 1. janúar að telja þetta ár.

Bíldudal 4. nóv. 1920.
Virðingarfyllst
Verslunin „Baldur"
G. Sigurðsson.

4. Konsúll og kaupmaður Ólafur Jóhannesson á Vatneyri hefir tilkynt til firmaskrárinnar hinn 12. þ. m. að hann frá 1 nóv. þ. á. hafi tekið þá syni sína Gunnar, Kristinn og Garðar upp í firma sitt, er reki verslun og útgerð undir firmanafninu Ó. Jóhannesson á Vatneyri. Allir fjelagar með ótakmarkaðri ábyrgð og rita þeir allir firmað.

Ó. Jóhannesson ritar firmað þannig:
Ó. Jóhannesson.

Kristinn Ó. Jóhannesson ritar firmað þannig:
Ó. Jóhannesson.

Gunnar Ó. Jóhannesson ritar firmað þannig:
Ó. Jóhannesson.

Garðar Ó. Jóhannesson ritar firmað þannig:
Ó. Jóhannesson.

*V. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.*

1. Thor E. Tulinius, Fr. Holme, Hans Hald Sthyr, Fr. Paulsen tilkynna, að Aktieselskabet „De forenede Islandsforretninger" reki verslun, skipaútgerð og iðnað á Ísafirði, Flateyri, Bolungavík, Hesteyri, Arngerðareyri og Látrum í Aðalvík, samkv. samþ. 18. sept. 1912, 21. des. 1917, 13. mars 1918 og 4. okt. 1918. Hlutafjeð er 1,500,000 kr., skift í 1000 kr. hluti, greitt að fullu. Birtingar í Berlingske Tidende.

Firmað rita 2 stjórnendur eða 1 stjórnandi ásamt 1 framkvæmdarstjóra, er hefir prókúru. Prókúru hafa Sv. O. Larsen og Jón K. F. Arnesen.

2. Kristján og Jón Eyjólfssynir tilkynna, að bróðir þeirra Jens Eyjólfsson sje genginn úr firmanu „Bræðurnir Eyjólfsson“ á Flateyri. 164

3. Steingrímur Árnason og Guðmundur Pjetursson tilkynna að þeir í fjelagi reki verslun, útgerð, fiskkaup og fiskþurkun á Flateyri með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Steingrímur Árnason & Co. Steingrímur Árnason ritar firmað einn.

4. Karl Eyjólfsson og Jón J. Eyfirðingur reka verslun og bakarí í Bolungarvík með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: Karl Eyjólfsson & Co. Þeir rita firmað hvor um sig.

5. Í kaupfjelagi Önfirðinga eru nú í stjórn: Páll Rósinkransson formaður, Hólmgeir Jensson, Finnur Finnsson, Bernharður Guðmundsson, Guðmundur Guðmundsson.

6. Raflýsingarfjelag Ísafjarðar h/f. rekur framleiðslu ljóss og afls með raforku. Lög fjelagsins eru frá 5. ágúst 1920.

Í stjórn fjelagsins eru 5 menn og skipa hana nú: Tryggvi Jóakimsson formaður, Ólafur Pálsson kaupmaður gjaldkeri, Helgi Sveinsson bankastjóri, Magnús Magnússon kaupmaður og Sigurjón Jónsson afgreiðslumaður sem meðstjórnendur, allir á Ísafirði.

Fjórir stjórnendur rita firmað við skuldbindingu eða veðsetningu á eignum fjelagsins.

Prókúru hefir Ólafur Pálsson kaupmaður, Ísafirði.

Hlutafjeð er 90000 kr. skift í 78 hluti á 1000 kr. og 24 hluti á 500 kr. Alt hlutafjeð er innborgað. Hlutabrjefin hljóða á nafn.

Tilkynningar til hluthafa eru brjeflegar og auk þess auglýstar á Ísafirði.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Raflýsingarfjel. Ísafjarðar h/f.
Ólafur Pálsson.

7. Kaupfjelag Mýrahrepps tilkynnir:

Stjórnarkosning.

Úr stjórninni áttu að ganga þeir: Kr. Davíðsson, Jóhannes Davíðsson og Bj. Guðmundsson.

Í stjórnina voru kosnir í stað þeirra er gengu úr: Prófastur Þórður Ólafsson, búfr. Jón Þórarinsson og Björn Guðmundsson.

164

*VI. Húnavatnssýsla.*

Jeg kaupmaður Pjetur Pjetursson Blönduósi, gef hjermeð hr. Sig. H. Sigurðssyni umboð sem prókúrista fyrir verslun mína og hefir hann öll rjettindi prókúrista samkvæmt gildandi lögum.

Firmað ritar hann.

pr. versl. P. Pjeturssonar
Sig. H. Sigurðsson.
Blönduósi, 7. maí 1921.
Pjetur Pjetursson.

*VII. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.*

1. Hjermeð tilkynnist, að Sigurður Arngrímsson er genginn úr firmanu S. Arngrímsson Thorsteinsson & Co. og um leið verður hans nafn ekki lengur í firmanafninu.

Firmað rekum við undirritaðir eigendur óbreytt áfram undir firmanafninu:

Herm. Thorsteinsson & Co.
Seyðisfirði 4. janúar 1921.
Hermann Þorsteinsson
Böðvar Jónsson.

2. St. Th. Jónsson kaupmaður á Seyðisfirði tilkynnir, að hann gefi herra bókhaldara sínum Jóni Jónssyni í Firði umboð sem prókúrista fyrir verslun sína samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóvbr. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. St. Th. Jónsson
Jón Jónsson.

3. Við undirritaðir veitum hjermeð herra Einari Metúsalemssyni á Seyðisfirði prókúruumboð fyrir útbú okkar á Seyðisfirði með þeim rjettindum, sem lög nr. 42 frá 13. nóvember 1903 heimila.

Reykjavík 9. október 1920.
Nathan & Olsen.

Vitundarvottar:

Ingvi Jóhannesson.
Ingólfur Jónsson.

4. Frú Solveig Björnsdóttir rekur verslun Halldórs sál. Runólfssonar á Bakkafirði undir nafninu Runólfsson. Prókúruhafi er Sveinbjörn Guðjohnsen sama staðar, og ritar hann firmað þannig: 164

Bakkafirði, 29. nóv. 1920.
pr. versl. Runólfsson
Sv. Guðjohnsen.

5. Undir firma hlutafjelagið „Alda" á Seyðisfirði er stofnað fjelag með takmarkaðri ábyrgð til þess að reka verslun, fiskiveiðar, fiskikaup og lifrarbræðslu á Skálum á Langanesi og eru lög fjelagsins dagsett 9. júlí 1921. Í stjórn fjelagsins eru 3 menn og eru þeir: Framkvæmdarstjóri Sigurður Jónsson, T. L. Imslands Arvinger og konsúll St. Th. Jónsson og skifta þeir með sjer verkum eftir samkomulagi.

Hlutafjeð er 75000,00 krónur, er skiftist í 15 hluti á 5000,00 krónur hver og er alt hlutafjeð innborgað. Hlutabrjefin hljóða á nafn. Heimild til að rita firmað hefir öll stjórnin í sameiningu, en prókúru hafa T. L. Imslands Arvinger.

Stjórn fjelagsins ritar firmað þannig:

pr. H/f. Alda
Sigurður Jónsson, St. Th. Jónsson,
T. L. Imslands Arvinger.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. H/f. Alda
T. L. Imslands Arvinger.
Seyðisfirði, 9. júlí 1921.
T. L. Imslands Arvinger.
Sigurður Jónsson.
St. Th. Jónsson.

6. Jeg undirritaður veiti hjer með syni mínum Otto Wathne Seyðisfirði, prókúru-umboð fyrir mig, og hefir hann öll rjettindi prókúrista lögum samkvæmt.

Mun hann rita þannig:

pr. pr. Fr. Wathne
O. Wathne.
Seyðisfirði, 25. júlí 1921.
Fr. Wathne.

## *VIII. Suður-Múlasýsla.*

1. Kaupfjelag Berufjarðar rekur verslun á Djúpavogi undir sama nafni.
Lög fjelagsins eru samþykt 30. mars 1920.

164 Hver fjelagsmaður greiðir 10 — tíu — krónur er hann gengur í fjelagið, og ábyrgjast allir fjelagsmenn skuldir þess „in solidum" uns 2 ár eru liðin frá brottför þeirra úr fjelaginu.

Í stjórn fjelagsins eru: Þórhallur Sigtryggsson formaður, en meðstjórnendur Sveinn Sveinsson bóndi á Hofi í Álftafirði, Helgi Einarsson, bóndi á Melrakkanesi í Álftafirði, Georg Jónsson búfræðingur, Strýtu, Jón Stefánsson kennari, Hálsi.

Varaformaður er Jón Stefánsson, Hálsi.

Varamaður í stjórninni er Jón Eiríksson, bóndi á Krossi.

Formaður ritar einn firmað.

Tilkynningar skal birta í Lögbirtingablaðinu.

Þórh. Sigtryggsson,
Jón Stefánsson,
Sveinn Sveinsson,
Georg Jónsson,
Helgi Einarsson.

Formaður ritar þannig:

Kaupfjelag Berufjarðar
Þórh. Sigtryggsson.

2. Undirrituð stjórn Kaupfjelags Hjeraðsbúa á Egilsstöðum, gefur hjermeð herra Þorsteini Jónssyni á Reyðarfirði umboð sem prókúrista fyrir nefnt kaupfjelag, og hefir hann öll rjettindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Kaupfjelag Hjeraðsbúa
Þorsteinn Jónsson.

Egilsstöðum, 5. mars 1921.

Í stjórn Kaupfjelags Hjeraðsbúa.

Halldór Stefánsson.
Páll Hermannsson.

Staddur í Reykjavík 18. mars 1921.

Í stjórn Kaupfjelags Hjeraðsbúa.

Björn Hallsson frá Rangá.

3. Jeg leyfi mjer hjermeð að tilkynna til firmaskrár Suður-Múlasýslu, að jeg hefi lagt niður útbú mitt á Reyðarfirði, sem jeg tilkynti til firmaskrárinnar 23. maí 1919 og jafnframt eru þá að sjálfsögðu fallin niður prókúruumboð þau til handa Pjetri Bóassyni og Hallgrími A. Tulinius, sem ræðir um í sömu firmatilkynningu.

Reykjavík, 2. apríl 1921.
H. Benediktsson.

164

*IX. Vestmannaeyjar.*

Jeg, Magnús Þórðarson, kaupmaður í Vestmannaeyjum, gef hjermeð herra Arinbirni Ólafssyni umboð sem prókúristi fyrir verslun mína, og hefir hann öll rjettindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Magnús Þórðarson
Arinbjörn Ólafsson.

Vestmannaeyjum, 10. júní 1921.
Magnús Þórðarson.

*X. Árnessýsla*

Stjórn Kaupfjelagsins Ingólfur H/f. á Stokkseyri skipa nú: Einar Jónsson bóndi á Geldingalæk formaður, Jón Jónsson hreppstjóri á Hlíðarenda og Bjarni Grímsson verslunarmaður, Stokkseyri, varaformaður. Varamaður í stjórn er Runólfur Halldórsson hreppstjóri á Rauðalæk.

Formaður ritar firmað þannig:

Kaupfjelagið Ingólfur H/f.
Einar Jónsson.

*XI. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður.*

1. Prókúruumboð herra Þorsteins Jónssonar fyrir hlutafjelagið Norðri í Gufunesi, afturkallast hjer með.

Reykjavík, 2. júní 1921.
Í stjórn h/f. Norðri

H. Kristinsson. Pjetur Jónsson.
Pjetur Magnússon. Vilhj. Briem.

2. Fjelagið heitir; „Kaupfjelagið Báran". Heimili og varnarþing í Gerðum í Gerðahreppi. Tilgangur þess er að útvega fjelagsmönnum og öðrum sem bestar og ódýrastar vörur bæði utan lands og innan, og selja íslenskar afurðir með sem hæstu verði. Lög fjelagsins eru samþykt á stofnfundi í Gerðum 30. desbr. 1919.

Stjórn fjelagsins er í höndum framkvæmdarstjóra og stjórnarnefndar sem í eru 5 menn, sem eru: Þorbergur Guðmundsson, Páll Árnason, síra Friðrik J. Rafnar, Sigurgeir Ólafsson og Gísli Sighvatsson. Framkvæmdarstjóri er Þorlákur Ingibergsson. Fjelagið er hlutafjelag. Stærð höfuðstóls er kr. 1500,00 og má auka það með samþykki stjórnarinnar.

Allir fjelagsmenn bera ábyrgð á skuldum fjelagsins „in solidum".

Prókúru fjelagsins hefir framkvæmdarstjóri Þorlákur Ingibergsson og

164 ritar hann firmað þannig: pr. „Kaupfjelagið Báran“ Þorlákur Ingibergsson, og hefir hann einn rjett til að rita það.

Gerðum, 18. júní 1921.
Í stjórn „Kaupfjelagsins Bára“.
Þorbergur Guðmundsson,
Gísli Sighvatsson,
Páll Árnason,
Sigurgeir Ólafsson,
*Friðrik J. Rafnar.*

3. Undir firma „Sveinn Þorkelsson & Co“, reka þeir Sveinn Þorkelsson og Einar Sveinsson matarverslun (kjötverslun) í Hafnarfirði.

Sveinn Þorkelsson einn ber ótakmarkaða ábyrgð. Einar Sveinsson er samlagsfjelagi með 5000 króna framlagi. Einar Sveinsson hefir prókúru.

Hafnarfirði 22. júlí 1921.
Sveinn Þorkelsson,
Einar Sveinsson.

Sveinn Þorkelsson ritar firmað þannig:
Sveinn Þorkelsson & Co.
Sveinn Þorkelsson.

Einar Sveinsson ritar firmað þannig:
p. p. Sveinn Þorkelsson & Co.
Einar Sveinsson.

4. Börn Einars G. Einarssonar í Grindavík, reka verslun og bátaútgerð í Grindavík, undir firmanafninu „Verslunin Einar í Garðhúsum“ með ótakmarkaðri ábyrgð. Prókúruumboð hefir Einar G. Einarsson í Garðhúsum, og ritar hann firmað þannig:

Pr. pr.
„Verslunin Einar í Garðhúsum“
E. G. Einarsson.
Pt. Hafnarfirði, 1. ágúst 1921.
Pr. pr.
„Verslunin Einar í Garðhúsum“
E. G. Einarsson.

5. Það tilkynnist hjermeð til verslunarskrár Hafnarfjarðarkaupstaðar, að stofnað er í Hafnarfirði útgerðarfjelag undir firmanafninu „Fiskiveiðafjelagið Sækarl“. Fjelagsmenn eru þeir: Jón Sveinsson, Oddur Ívarsson, Guðmundur Hróbjartsson og Pjetur J. Vermundsson, allir til heimilis í Hafnarfirði, og bera þeir ábyrgð á skuldum fjelagsins að einum fjórða hluta hver.

Lög fjelagsins voru samþykt á fundi þess 20. september 1921 og þá kosin stjórn fyrir fjelagið og hlutu þessir kosningu: Jón Sveinsson framkvæmdarstjóri, Oddur Ívarsson og Guðmundur Hróbjartsson meðstjórnendur. 164

Undirskrift framkvæmdarstjóra eins skuldbindur fjelagið, en auk þess hefir Oddur Ívarsson prókúru:

Framkvæmdarstjóri ritar firmað þannig:

F/f. „Sækarl“
Jón Sveinsson.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

p. p. F/f. „Sækarl“
O Ívarsson.

Hafnarfirði, 3. október 1921.
Jón Sveinsson. Oddur Ívarsson.
Guðmundur Hróbjartsson.
Pjetur J. Vermundsson.

6. Það tilkynnist hjermeð til firmaskrárinnar að vjer höfum veitt verslunarmanni Þórarni Egilsson prókúruumboð fyrir oss, lögum samkvæmt.

Firmanafn vort ritar hann þannig:

pr. pr. Bookless Bros
Þórarinn Egilson.

Hafnarfirði, 26. nóvember 1921.
D. H. Bookless.

# Auglýsing 165

## frá skráritara vörumerkja í Reykjavik

um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1921.

*Skrás. 1921 nr. 1.*

Tilkynt 14. desember 1920, kl. 6 síðdegis, af Chevrolet Motor Company of Michigan, verksmiðjurekstur, Flint, Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 20. janúar 1921.

**CHEVROLET**

Lýsing á merkinu: Orðið: CHEVROLET.

Samkv. tilk. 4. okt. 1913, er merkið skrásett í Washington 31. mars 1914 fyrir bifreiðar, bifvjela-akfæri og hluta af þeim.